

8. fundur stjórnar FÍF, 10. nóvember 2020 kl 12:00.

Fjarfundur á Teams.

Mætt eru: Hugrún, Gerður, Íris (*fundarritari*), Kristmundur, Ása og Þóra

Forföll: Steinþór

Dagskrá:

1. Fundargerðir eru á drifinu. Skoðast samþykktar eftir næsta fund.
2. Auka aðalfundur og aðildargjöld. Ræðum okkar afstöðu til málsins og hvernig við myndum vilja sjá hvernig þetta þróast.
3. Lagabreytingar
 - a. Fram komnar ýmsar hugmyndir. Ætlum að vinna betur í þessu og klára á sérfundum um þetta mál.
 - b. Mögulega að hafa kynningarfund í janúar fyrir aðalfund til að hann veði ekki of langur.
4. Mikið af tölvupósti milli funda. Þeir snerta aðalega styttingu vinnuvikunnar og innleiðingu hennar. Samstarfsfélög ákváðu að gera könnun á stöðunni eftir viðsemjendum til að fá fram afstöðu félagsmanna til vinnunnar og hvar hún er stödd.
 - a. Hjá ríkinu benda niðurstöðurnar til þess að ástandið sé mjög gott og framfar vonum. Við höfum því efni á að slaka aðeins á þar, fylgjast með og hugsanlega einbeitt okkur að vandræðastofnunum.
 - b. Sveitarfélögin voru sein að taka við sér og þar má greina ákveðna tregðu og áhugaleysi. Þar væri gott að setja af stað smá átaksverkefni.
 - c. Það þarf að gera gangskör í málum á almenna markaðnum. Best væri að gera samkomulagi um styttingu við SA strax, eða samhliða gerð nýs kjarasamnings. Umræðan um þetta þarf að fara fram á breiðari BHM grundvelli.
5. Formaður hættir fyrir aðalfund vegna nýrra starfa
 - a. Gerum ráð fyrir að halda aðalfund FÍF fyrstu vikuna í febrúar, stefnum á miðvikudaginn 3. febrúar.
 - b. Þurfum að passa verðveislu gagna við formannskipt og got flæði upplýsingar. Auðvelda nýjum formanni að taka við. Ákveðið að stofan sér formanns netfang.
 - c. Gagnagátt fyrir félagið, erum að nota Drive, viljum við nota eitthvað annað? t.d. Teams eins og skrifstofan er að taka upp. Þjónustuskrifstofan er að taka upp ný kerfi og ættum að nýta það sama til að flækja ekki málin.

Fundi slitið kl 13:00.